



STARFSÁÆTLUN

2018-2019

*Unnið af starfsfólki í júní
yfirfarinn af foreldraráði & samþykkt í sama mánuði*

I Leikskólinn Austurkór

Leikskólinn Austurkór er nýlegur (4 ára) sex deilda leikskóli staðsettur við götuna Austurkór í Kórahverfinu í Kópavogi. Í leikskólanum er gert ráð fyrir 120 börn á aldrinum 1-6 ára og um 30 manna starfsliði. Í skólanum eru góðar vinnuaðstæður og liðsheild mikil.

Í Austurkór er lögð rík áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og samvinnu í skólastarfinu og má lesa um starfsaðferðirnar í skólanámskránni okkar [hérna](#). [Heimasíða Austurkórs](#) er ekki mjög lifandi í augnablikinu en inni á henni er að finna ýmsar upplýsingar um skólastarfið, áætlanir og starfsskýrslur o.fl. Við erum duglegri við að setja inn tíðindi af okkur og verkefnum okkar á [facebooksíðu skólans](#).



II Um leikskólann

2.1 *Gerð leikskólans, húsnæði, lóð, rými*

Leikskólinn Austurkór er 6 deilda leikskóli og er húsnæði hans 873,2 m² og flatarmál lóðar er 5759 m². Í leikskólanum eru pláss fyrir 120 börn á aldrinum 1 -5 ára og er hann opinn frá kl. 7.30 - 17.00 alla virka daga. Áætlað er að 20 börn séu á hverri deild en ræður samsetning barnahópsins hversu mörg börn eru á hverri deild hverju sinni. Að einu og öðru hefur verið dyttað að bæði innan- og utandyra síðasta skólaár (sjá endurmatsskýrslu) en á framkvæmdaráætlun er að gera við hluta af girðingu á útisvæði því hún er að hruni komin.

2.2 *Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur- skipulag*

Eins og aðrir leikskólar Kópavogsbæjar þá vinnum við í Austurkór eftir lögum um leikskóla, [aðalnámskrá](#) og [námskrá leikskóla Kópavogs](#). Einnig störfum við eftir okkar eigin skólanámskrá. Skólanámskrá Austurkórs má [lesa hér](#) en hún er eingöngu gefin út á rafrænu formi. Skólanámskrá Austurkórs er flæðandi (e. emergent curriculum) því skólastarf er síbreytilegt og tekur mið af því fólki sem er skólanum hverju sinni, hæfni þeirra og reynslu. Í raun er starfsáætlun hvers skólaárs sú námskrá sem er í gildi hverju sinni. Hornsteinar skólastarfsins í Austurkór eru útinám, námslotur byggðar á gildum skólans og lýðræðisleg vinnubrögð. Gildi skólans eru Samvinna, Lýðræði, Atorka og einkunnarorð leiksskólans eru „Austurkór ... þar sem ævintýrin gerast“.

III Starfsáætlun næsta skólaárs

3.1 *Uppeldisstarfið*

Þetta skólaár verður aðaláherslan í uppeldisstarfinu að mörgu leiti sú sama og á síðasta skólaári. Við munum rýna dýpra í starfsaðferðirnar okkar m.a. Reggio Emilia uppeldissýnina, Hugarfrelsi, Blæ og Lubba. Við ætlum einnig að skoða í þann starfsramma sem við höfum sett okkur m.a. dagskipulag og þá verkferla sem þeim tengjast með það í huga hvort ekki sé hægt að gera betur. Við vitum að starfsumhverfi Austurkórs er óstöðugt og við þurfum að finna betri leiðir til að skapa meiri tengsl milli starfsfólks, barna og foreldra. Ein af þeim leiðum sem þegar hefur verið ákveðið að fara er að fá liðsauka Svövu Björg Mörk á haustönn en hennar hlutverk er m.a. að styðja við stjórnendur skólans, fræða og leiðbeina starfsmannahópnum.

3.2 *Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir & hátíðir*

Nú hafa ákveðnar hefðir skapast hjá okkur í Austurkór og mun meirihlutinn af þeim dögum sem við settum inn í skóladagatal síðasta skólaárs halda sér. Endanlegar dagsetningar eru sumar hverjar ekki komnar og án efa munu fleiri ferðir verða farnar og margir atburðir gerast sem ekki eru taldir hér upp. Því ekki má skipulagið verða það stíft að við lokum á möguleikann um óvænt ævintýri.

Haustönn

8. september:
Dagur læsis

16. september:
Dagur íslenskrar náttúru

Október: Foreldraviðtöl
Bleikur dagur

27. Október
Alþjóðlegi bangsadagurinn

8. nóvember:
Baráttudagur gegn einelti –
Alls konar dagur

16. nóvember:
Dagur íslenskrar tungu

1. Desember
Fullveldisdagur - hangikjöt og uppstúf

21. Desember
Dagur myrkurs

Vorönn

4. janúar:
Prettándakaffi – jólin kvödd

19. Janúar - Bóndadagur
Porramatur

1. febrúar: Afmæli Austurkórs

6. febrúar: Dagur leikskólans

04.03: Bolludagur

05.03: Sprengjudagur

06.03: Öskudagur

Mars: Foreldraviðtöl

23. mars Blár dagur

Maí : Útskrift/útskriftarferð

Júní : Hjóladagur

Júní: Sumargleði

Árið um kring

Föstudags-fræðsla þar sem starfsfólk
fræðir hvert annað um ýmis málefni
tengd starfinu í stuttum fyrirlestrum.

Fjörfundur á föstudögum.

Lengri og styttri vettvangsferðir s.s.
nágrannar heimsóttir, bókasafnsferðir,
farið í Kórinna.

Samstarf við aðra leik- og grunnskóla.

Reglulega er brugðið á leik á deildum
leikskólans með ýmsum upptákum t.d.
náttfatadagur.

3.3 *Þróunar- og nýbreytnistarf*

Allt skólastarf er í eðli sínu þróunarstarf því við erum endalaust að skipuleggja, endurmeta og leita leiða til að verða betri – að gæði skólastarfsins aukist. Við í Austurkór leggjum mikið upp úr því að skólinn sé lærdómssamfélag sem styður við og ýtir undir hæfni starfsfólks, barna og foreldra. Við þurfum að dýpka okkur enn frekar í tengslum við foreldra, börn og nýtt starfsfólk og sem hluti af því þróunarstarfi mun Svava Björg Mörk halda utan um starfsmannahópinn – einkum stjórnendahópinn á haustönn. Markmiðið með hennar framlagi er að dýpka faglega sýn hópsins á starfsaðferðum Reggio Emilia, styðja við og valdefla millistjórnendur, fræða nýliða um leikskólafræðin o.fl.

IV Börn

4.1 *Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda, útskrift o.fl.*

Vegna fyrri reynslu varðandi mönnun skólans þá munum við hafa vaðið fyrir neðan okkur þegar kemur að úthlutun leikskólaplássa. Við munum ekki taka inn börn fyrr en að við erum komin með starfsfólk til starfa og getur farið svo að jafnvel tvær deildir verði lokaðar í stað einnar eins og var á síðasta skólaári (Dyngja og Perla). En lokun deilda er neyðarráðstöfun og lifum við í voninni að allur skólinn verði í fullri starfsemi og barnafjöldin eins og gert er ráð fyrir.

Á vorönn 2018 útskrifuðust 34 börn og 6 börn fóru í aðra leikskóla. Í júní færast börn á milli deilda og eru það 16 börn af deildinni Perlu sem dreifast á fjórar eldri deildararnar. Í ágúst hefja svo 15 börn nám í Austurkór og fara þau á sömu deildir þ.e. Sjónarhól, Esju, Lund og Öskju. Við áætluðum 5 virka daga í aðlögun en förum eftir þörfum og þroska hvers barns fyrir sig hve langan tíma hún tekur. Það er fyrirfram ákveðnir kennarar/starfsmenn svonefndar lykilpersónur sem halda utan um aðlögunarhópinn hverju sinni. Eins og áður hefur komið fram þá er það von okkar að við náum að manna Perlu og Dyngju – sem eru deildar fyrir 1-2 ára börn. Það væri frábært ef hægt var að aðlaga inn á a.m.k. aðra deildina í september/október en tíminn einn leiðir í ljós hvort það sé mögulegt.

4.2. Sérkennsla

Sérkennslan er unnin í ákveðnum teymum sem sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með. Við teljum að með teymisvinnu takist okkur betur og markvissar að fylgja eftir hverju máli fyrir sig en í endurmati síðasta skólaárs kom í ljós að erfitt hefur verið að fá hæft fólk til starfa til. Það kemur auðvitað niður á gæðum sérkennslunnar sem og teymisvinnunni. En þrátt fyrir erfiðleikana í starfsmannahaldinu þá hefur öllum börnunum farið fram og þau hafa bætt við sig færni og getu sem telja má að ekki hefði náðst nema með inngripi, stuðningi og aukinni þjálfun. Samráðsfundir sérkennslustjóra og sérkennara eru til staðar en það þarf að gera þá markvissari og tengja betur við deildafundi til að allir sem að börnunum koma séu meðvitaðir um þær aðferðir og leiðir sem ákveðið er fara í vinnu með börnunum.

Á komandi skólaári verða 2 nemendur í 2. flokki eða 1,5 stöðugildi og 1,45 stöðugildi skiptast á u.þ.b. 22 börn í 3. og 4. flokki.

V Foreldrasamstarf

5.1 *Stefna vegna foreldrasamstarfs*

Við höfum sett saman stefnu um foreldrasamstarf í skólanum og er markmið hennar m.a. að stuðla að farsælu samstarfi milli leikskólans og foreldra. Stefnuna má [lesa hér](#).

5.2 *Áherslur*

Til að skapa gott samstarf milli heimilis og skóla þarf að skapa tengsl sem einkennast af trausti, virðingu og hlustun. Við í Austurkór viljum halda áfram að byggja upp skólasamfélag sem einkennist af þessum þáttum. Við vitum að foreldrar þekkja börnin sín best og að mesti árangurinn næst þegar skóli og heimili vinna saman að velferð barnsins. Við viljum að foreldrar komi að þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hverju sinni og það sé gefinn tími og rými til þess sjónarmið þeirra komi fram s.s. í áætlanagerð. Þessi markmið koma fram í stefnu skólans um foreldrasamstarf og er tengill á stefnuna hér að ofan.

5.3 *Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu*

Til að Austurkór sé skólinn okkar þá þurfum við að nýta mannauð allra sem að skólanum koma og eru foreldrar ótæmandi auðlind í okkar skólasamfélagi. Við viljum að þátttaka þeirra sé ekki einstefnuleg þ.e. að foreldrar séu bara velkomnir þegar okkur hentar eða við viljum, heldur að samstarfið sé eðlilegt og áreynslulaust þar sem barnið er í brennidepli. Eitt af markmiðum þessa skólaárs er að auka hlut og tengsl við foreldra í skólastarfinu. Við munum kalla eftir hugmyndum úr barna-, starfsmanna- og foreldrahópnum að leiðum til að ná þessu marki m.a. á foreldrafundi á haustönn.

5.4 *Fræðsla & upplýsingar til foreldra*

Upplýsingastreymi er mikilvægt fyrir samstarf heimilis og skóla og sýna rannsóknir að óformlegu samskiptin s.s. í upphafi og lok dags hafi mest gildi fyrir foreldrana. Við viljum því veita hverjum og einum gott tækifæri og aðgengi að starfsfólki á þessum tíma. Einnig notum við formlegar boðleiðir t.d.:

Kynningafundur fyrir foreldra nýnema

Vikupóstar/Tölvupóstar

Upplýsingatöflur á deildum

Fréttamolar

Foreldrafundir

Facebook-síða skólans

Heimasíða skólans

Foreldrasamtöl

5.5 *Kynning á leikskólanum*

Heimasíða skólans og facebook síða er sá vettvangur sem við notum mest til að kynna starfið okkar og er þar að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar. Reyndar hefur heimsíðan okkar ekki verið mjög lifandi undanfarið en með nýju leikskólakerfi á nýju skólaári verður gerð bragarbót á því, bæði fyrir skólann í heild sem og einstaka deildir. Upplýsingar til foreldra hafa undanfarið verið með tölvupósti, svonefndum Vikupósti. Stefnan er að upplýsingar sem koma fram í þessum Vikupóstum fari í frekari mæli inn á heimasíðuna (deildarhlutann). Við höfum einnig hug á að loka facebook síðu skólans þegar að ný heimasíða er komin vel á veg vegna nýrra persónuverndarlaga.

5.6 *Foreldraráð og foreldrafélag*

Í skólanum er starfandi foreldrafélag og foreldraráð. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í Austurkór, skipuleggja foreldrastarfið og standa fyrir ýmsum viðburðum sem auðga leikskólalífið. Á skólaárinu viljum við skerpa á þessu samstarfi og gera það formlegra með reglulegum fundum. En erfiðlega gekk að fá foreldra í stjórn félagsins á síðasta skólaári og heimtur félagsgjalda hefðu mátt vera meiri miðað við fjölda barna í skólanum.

Hlutverk foreldraráðs er að koma á framfæri skoðunum foreldra varðandi skólastarfið, skipulag og áherslupætti námsins. Foreldraráð gefur umsagnir um áætlanir sem þessa eins og lög gera ráð fyrir. Foreldraráð er skipað þremur foreldrum ásamt leikskólastjóra og eru starfsreglur foreldraráðsins aðgengilegar á heimasíðu skólans.

VI Starfsmenn

6.1 *Starfsmannastefna*

Við höfum sett saman stefnu sem tengist starfsfólki Austurkórs með það markmið m.a. að auka öryggi í starfi, viðhalda starfsánægju og skapa sameiginlega sýn. Stefnan var endurmetin á vorönn 2018 og má lesa hana á nýrri heimasíðu þegar hún fer í loftið.

6.2 *Áherslur í samstarfi*

Til að Austurkór sé einn skóli og að samhljómur ríki á milli deilda og samstilling í starfsaðferðum þá vinnum við saman að þeim námsmarkmiðum og skipulagi sem við höfum sett okkur. Samvinna er eitt af gildum skólans og er nærtækast að þær deildir sem eru á sama gangi vinni mest saman. Við teljum að í Austurkór hafi skapast sú skólamenning að við hjálpumst að þvert á deildir og eigum samtal á hverjum degi um það hvernig við getum verið í samvinnu og stutt hvert annað í því ófyrirsjáanlega starfsumhverfi sem leikskóli er. Það er eitt af aðalsmerkjum skólans og við erum stolt af því. Við viljum nýta mannauðinn í starfsmannahópnum og veita hverjum og einum starfsmanni tækifæri til að nota hæfni sína, auka við þekkingu og vaxa í starfi. Það gerum við m.a. með lýðræðislegum vinnubrögðum, fræðslu (jafningjafræðsla jafnt sem utanaðkomandi fræðslu), hvatningu til starfsþróunar (s.s. að sækja námskeið), undirbúningi, leiðbeiningarsamtölum og formlegu samráði.

6.3 *Samsetning starfsmannahópsins*

Það er dálítið á reiki hvernig samsetning starfsmannahópsins verður skólaárið 2018-2019 því eins og fram hefur komið er óvíst hve margar deildir verða starfræktar og veltur það á því hvort við náum að manna lausar stöður. Það sem við vitum er að það verða um 80 börn í skólanum. Grunnstöðugildi fyrir þennan barnafjölda er 11 heilar stöður.

Sérkennsla er 3 stöðugildi og afleysing vegna veikinda, undirbúnings og nema um 3,5 stöðugildi. Búið er að ráða í deildarstjóra á fjórum deildum – þrír eru þegar starfandi og einn kemur til starfa í ágúst. Vantar deildarstjóra á tvær deildir. Miðað við þennan barnafjölda og það starfsfólk sem heldur áfram störfum þá vantar okkur einna helst hæft starfsfólk í sérkennslu.

Í Austurkórslíðinu eru 23 starfsmenn þarf af 4 leikskólakennarar (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjóri), 6 háskólamenntaðir, 1 leikskólaliði, 1 stúdent og 8 með grunnskólapróf. Af þessum 23 starfa 2 í eldhúsi, 3 í stjórnun, 1 sérgreinastjóri með áherslu á skapandi starf og 1 í sérkennslu. Aðrir starfa á deildum og/eða í afleysingu.

Ekki er vitað til þess að neinn verði í barnsburðarleyfi en 3 starfsmenn verða í námi í leikskólakennarafræðum. 1 í grunnnámi og 2 í mastersnámi.

Við viljum að Austurkór sé lifandi, gróskumikið lærdómssamfélag þar sem fólk fær tækifæri til að miðla til annarra sem og að læra af öðrum, vera í gagnlegum samræðum um þau álitamál sem koma upp hverju sinni og leggja sitt af mörkum í þróun skólastarfsins. Til að þessi sýn sé ekki bara í orði heldur einnig á borði höldum við m.a. margs konar fundi, höfum virkt upplýsingaflæði og hagnýtar verklagsreglur.

Klukkan fimm mínútur yfir níu á hverjum morgni koma fulltrúar frá öllum deildum saman ásamt aðstoðar- og/eða leikskólastjóra fyrir framan töfluna (nefnd altaristaflan) á gangi við kaffistofu á svokallaðan "*Stöðufund*". Þá er farið yfir starfsmannastöðuna – veikindi og leyfi, fjölda barna og stoppað í göt (afleysingafólki raðað á deildar/deildarfólk lánað á milli deilda ef þörf er á/stuðningur fellur niður/annað starfsfólk gengur úr sínum stöðum til að leysa af s.s. sérkennslustjóri/aðstoðarleikskólastjóri/leikskólastjóri).

Fundartíminn er stuttur (ca. 5-10 mín.) og er stundvísi mikilvæg svo að það haldist, einnig að missa ekki umræðuna um víðan völl. Ef ekki tekst að raða starfsfólki á deildar vegna manneklu þá þarf að grípa til sértækra ráðstafana.

Starfsmannafundir verða haldnir reglulega yfir skólaárið og má sjá skipulag þeirra á skóladagatalinu.

Fagfundir eru fundir þar sem faghópur skólans kemur saman og ræðir starfið, faglega sýn, endurmetur og skipuleggur eitt og annað. Þessir fundir eru jafnframt vettvangur fyrir jafningjafræðslu og starfsþróun. Við ætlum að setja niður fundartíma fyrir allt skólaárið svo að þessir fundir verði markvissari og árangursríkari. Þeir eru mikilvægir fyrir faghópinn því reglulega þarf að hlúa að glóðinni í sínu faglega hjarta (en það hefur orðið of oft út undan hingað til í slökkvistarfi daglegs amsturs).

Deildarfundir höldum við reglulega því mikilvægt er að deildarfólk fái tækifæri til að ræða málefni barnahópsins sem og einstakra barna, skipuleggja starfið á deildinni, fara yfir starfsreglur o.m.fl. Stundum koma upp einstök mál sem ekki þola bið eftir næsta skipulagða fundi og er þá brugðist við með því að halda auka deildarfund eða eins og við köllum þá *Krísufundi*. Deildarfundir og Krísufundir eru alla jafna haldnir á vinnutíma og höfum við það sem vinnureglu að nágranna-deildirnar gæta barnanna á meðan fundað er.

Tengslafundir eru einnig haldnir á deildarvís á föstudögum en þeir eru ca. 1 sinni í mánuði. Markmiðið með þeim er fyrst og fremst að skoða okkur í starfi og hvernig við stöndum okkur í tengslamyndun við börn og foreldra. En þessi mikilvægi þáttur er of brothættur vegna starfsmannaveltunnar sem er hjá okkur og við viljum gera betur.

Föstudagsfræðsla er jafningjafræðsla sem haldin er á móti tengslafundunum en þá skiptist starfsfólkið á að setja saman og flytja „ör-fyrirlestra“ fyrir hvert annað. Fræðsluefnið er jafn fjölbreytt og við erum mörg og stundum fáum við utanaðkomandi aðila til að vera með fræðslu.

Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í viku en tímasetning þeirra er breytileg. Á þessa fundi mæta deildarstjórar deilda, sérkennslustjóri, aðstoðar- og leikskólastjóri. Fundað er um þau málefni sem sett eru á fundardagskrá hverju sinni (og ef tími er til – önnur mál). Allir starfsmenn geta sett málefni á fundardagskránnu sem hangir uppi við skrifstofu leikskólastjóra. Fundarstjórn er öllu jafna í höndum leikskólastjóra og fundarritun í höndum aðstoðarleikskólastjóra.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri mynda saman *Samráðsteymi* sem hittist á miðvikudögum fyrir hádegi og ræðir þau mál sem berast teyminu. Hlutverk og verkefni samráðsteymisins snúa fyrst og fremst að velferð barna og starfsfólks – hvort sem um er að ræða mál sem snúa að skólanum og starfi hans beint eða tengjast fjölskyldu/einkalífi viðkomandi. Samráðsteymið fundar með tengiliðum félagsþjónustu og menntasviði eins og þurfa þykir. Samráðsteymið kallar stundum á deildarstjóra á sinn fund til að leita eftir/veita upplýsingar og taka ákvarðanir um einstaka mál t.d. tilkynning til barnaverndar. Samráðsteymið sinnir einnig hlutverki áfallateymis í skólanum.

Samráðsfundir eru stuttir fundir leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra þar sem farið er yfir stöðu deildarinnar og/eða einstaka mál sem upp koma. Fundað er á undirbúningstíma deildarstjórans þegar þörf þykir. Einnig setjast deildarstjórar og sérkennslustjóri í samráð og ræða t.d. málefni tengd börnum sem fá stuðning. Þessir fundir hafa ekki fastan tíma og eru eftir þörfum.

Öllum starfsmönnum er boðið *starfsmannasamtal* árlega. Tilgangurinn er m.a. að ræða starfsþróun, frammistöðu og færni. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka öllu jafna þessi samtöl en skoða á hvort deildarstjórar eigi þetta samtal við sitt deildarfólk.

6.5 *Skipulagsdagar*

Við notum skipulagsdaga m.a. í undirbúnings- og skipulagsvinnu, símenntun, endurmat og hópefli. Við viljum hittast með jöfnu milli bili yfir skólaárið og ákveðum dagana í samráði við aðra leik- og grunnskóla hverfisins. En vegna námsferðar Austurkórsliðsins til Brighton þá höfum við fengið undanþágu frá þeim dögum sem settir voru niður og tökum 2 skipulagsdaga samliggjandi þ.e. færum skipulagsdag sem átti að vera í nóvember fram í september.

Skipulagsdagar skólaársins 2018-2019 verða sem hér segir:

- 13. september
- 14. september
- 2. janúar
- 19. mars
- 17. maí

6.6 Símenntunaráætlun 2018-2019

Símenntunaráætlun, helstu áherslur og markmið símenntunar: Símenntunaráætlun skólans tekur mið af stefnumótun sveitarfélagsins og er ætlað að vera styðjandi við starfsáætlun og er gerð með hliðsjón af veikleikum, styrkleikum og sýn skólans. Markmiðið er m.a. að efla starfsfólk í starfi, gefa því tækifæri til starfsþróunar og viðhalda faglegri þekkingu í samræmi við síbreytilegar kröfur og breytingar í starfsumhverfinu. Mikilvægt er fyrir skólann sem náms- og uppeldisstofnun að starfsmannahópurinn sé samstilltur og leggjum við áherslu á það í símenntunaráætluninni. Í ár leggjum við áherslu á fræðslu í tengslum við Reggjo uppeldissýnina og tengslamyndun.

Pátttakendur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir, deildarstjórafundir	Að skapa vettvang til upplýsingargjafar, endurmats,fræðslu og samstillingar starfsmannahópsins	Allt árið	0,5-1 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	0 kr.	0 kr.	Guðný Anna
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Að hver starfsmaður skoði sig í starfi, setji sér markmið hvað varðar starfsþróun og geti komið með ábendingar um hvað megi betur fara í starfsumhverfi hans	Desember-Janúar	Áætlaðar 30 mín. í hvert samtal	Unnið á vinnutíma			Guðný Anna
Allt starfsfólk	Nýliðafræðsla Stefnuótun Fræðsla	Sérstök fræðsla verður fyrir nýliða þar sem farið verður yfir ákveðin atriði í starfsmannahandbókinni sem og þau atriði sem eru í móttökuáætlun.	Ekki ákveðið	ca. 30-60 mín. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	0 kr.	0 kr.	Menntasvið
Allt starfsfólk	Þróunarverkefni - Svava Björg Mörk	Megináhersla verksala skal vera á faglega uppbyggingu og að styrkja sameiginlega sýn stjórnenda og starfsmanna á sérstöðu leikskólans. Verksali skal jafnframt vinna að eflingu leiðtogaþæfni allra stjórnenda í leikskólanum, auk þess skal hann leita leiða í samráði við leikskólastjóra til að auka stöðugleika í starfsmannahaldi. Einnig felst í sérfræðivinnunni hvatning, ráðgjöf og tillögur til starfsmanna um umbætur sem þeir geta gert á sínu starfi, m.a. til að draga úr álagi.	Júlí 2018-Nóv 2018		Unnið á vinnutíma	Menntasvið sér um samningsgerð og greiðslur við verktaka	Menntasvið sér um samningsgerð og greiðslur við verktaka	Svava Björg Mörk
Allt starfsfólk	Starfsmannafundir	Að hafa reglubundið samráð og veita upplýsingar til alls starfsmannahópsins á sama tíma. Yfirfara og gera ýmsar starfsáætlanir og stefnur. Fræðsla, endurmat og farið yfir öryggisþætti s.s. brunaæfing.	Sjá skóladagatal	2 klst.	Unnið á yfirvinnutíma Ca. 2 klst. x 6 = 10 yfirvinnutímar per. starfsmann skólaárið 2015-2016	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	Laun af yfirvinnukvóta	Guðný Anna

Þátttakendur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Fagfólk	Fagfundir	Að skapa fagfólki skólans vettvang til fræðilegrar umræðu, stefnumótunarvinnu og endurmats á starfi skólans	Sjá skóladagatal	a.m.k. 2 klst. hvert sinn.	Unnið að hluta á dagvinnutíma og hluta á yfirvinnutíma	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans		Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla Endurmat og skipulagsvinna	Hugarfrelsi – eftirfylgni Umsjón: Hrafnhildur og Unnur	Starfs-manna-fundur 14.08	1 klst.	Unnið utan vinnutíma í yfirvinnu	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	Kostnaður v. fræðslu greiðist af Þróunarsjóði leikskóla Kópavogs	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla Skólaheimsókn Hópefli	Að fræðast um námsefnið stærðfræðinámsefnið „Numicon“ og hvernig við getum nýtt það betur í starfinu. Fyrirlestur og vinnustofur í tengslum við Reggio Emilia uppeldissýnina og útinám, skólaheimsókn. Fyrirlesari: Kristín Wallis & Deb Wilenski	13 & 14 september Skipulags-dagur	Starfsfólk vinnur sinn vinnutíma þ.e. hluti af fyrra námskeiðs-deginum fer í ferðalag og því verður unnið til kl. 18.00 þann dag.	Unnið á vinnutíma			Guðný Anna + Ferðanefnd: Unnur Ólöf Gunnarsdóttir Berglind Sigurðardóttir Tinna Snorradóttir
Allir starfsmenn	Fræðsla Hópefli	Að auka ábyrgð og virkni hvers og eins starfsmanns í vagnadraginu...og þ.m. að bæta liðsheildina. Fyrirlesari: Jón Halldórsson	Starfs-manna-fundur 25.09.	1 klst.	Unnið utan vinnutíma í yfirvinnu	Greitt af yfirvinnukvóta leikskólans	60.000,- kr.	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Fræðsla Endurmat Endurskoðun á starfsmann- og foreldrastefnu	Að efla starfsfólk í starfsaðferðum Reggio Emilia með fræðslu út frá barnsýninni – hið hæfa barn Fyrirlesari: Kristín Dýrfjörð	02.01. Skipulags-dagur	Starfsfólk vinnur sinn vinnutíma	Unnið á vinnutíma	50.000,- kr.	50.000,- kr.	Guðný Anna

Páttakendur	Lýsing á símenntun	Markmið	Tímabil	Tímafjöldi	Kostnaður á mann	Kostnaður alls	Heildarkostnaður	Ábyrgð
Allir starfsmenn	Fræðsla Skipulagsvinna	Að auka færni starfsfólks í málörvun og bæta þekkingu á mikilvægi snemmtækra íhlutunar, því málþroski er undirstaða náms. Fyrirlesari Ásthildur Bj. Snorradóttir	19.03. Skipulagsdagur	2 klst.	Unnið á vinnutíma	Óþekktur	Óþekktur	Guðný Anna
		Að auka hæfni í samskiptum og tengslamyndun. Fyrirlesturinn fjallar um líkamstjáninguna, okkar viðhorf og leiðir til árangurs. Fyrirlesari: Anna Steinsen.	Starfs-mannafundur 19.02.2019	1-1,5 klst.		60.000,-	60.000,-	Guðný Anna
Allir starfsmenn	Endurmat Starfsmótun Hópefli	Að auka færni og þekkingu starfsfólks á vináttu verkefni Barnaheilla. Fyrirlesari: Birte Harksen Skólaheimsókn	17.05 Skipulagsdagur	2 klst. námskeið. 2 klst. skólaheimsókn	Unnið á vinnutíma	50.000,-	50.000,-	Guðný Anna
						Kostnaður v. símenntunar skólaárið 2017-2018:	220.000,- kr.	Guðný Anna

VII Samstarf

7.1 *Stoðþjónusta*

Starfsfólkið á í góðum samskiptum við aðrar stofnanir Kópavogsbæjar og nýtum okkur vel þá stoðþjónustu sem veitt er í bæjarfélaginu. Mesta samvinnan er við Menntasvið, tæknideild, launadeild, tölvudeild og velferðarsvið.

7.2 *Samstarf við grunnskóla*

Félagsleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla. Því er mikilvægt að vinna markvisst með að byggja brú þar sem skólastigin mætast og undirbúa þannig börnin fyrir væntanlega breytingu. Samstarf okkar við Hörðuvallaskóla teljum við vera í góðum farvegi og er vilji hjá báðum aðilum að bæta enn frekar í það.

7.3 *Samstarf við aðra*

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila, s.s. leikskólafulltrúa, sérkennslufulltrúa, leikskólaráðgjafa, sálfræðing, talmeinafræðing, kennara, iðjupjálfa, sjúkrapjálfa, heilsugæslu, velferðarsvið, greiningar- og ráðgjafarstöð. Auk þessa höfum við fengið boð á fótboltanámskeið hjá Hk og verið í samstarfi við eigendur hesthúsanna og fengið þar góða viðbót í skólastarfið.

7.4 *Nemar*

Við bindum vonir við að fá til okkar nema á skólaárinu en ekki hefur verið gerður samstarfsamningur við háskólana um vettvangsnám. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir okkar skólapróun að vera í þessu samstarfi. Með því að fá til okkar kennaranema reglulega náum við að kynnast því nýjasta sem er að gerast í leikskólafræðunum. Markmiðið er að landa samningi þessa skólárið.

VIII Mat

8.1 *Matsaðferðir*

Við notum margar leiðir til að meta starf leikskólans og til að fá sem heildstæðustu sýnina á skólastarfið þá leitum við eftir þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Sem hluti af lýðræðislegum vinnubrögðum við innra mat skólans er bæði notað óformlegt mat og formlegt mat. Dæmi um óformlegt mat er m.a. fundir, foreldraviðtöl, samtöl. Dæmi um formlegt mat er t.d. ECCERS- kvarði, starfsmannasamtöl, kannanir og spurningarlistar. Framkvæmd ytra mats og eftirlit er í höndum Menntasviðs Kópavogs.

8.2 *Endurmat á skólaárinu 2017-2018*

Okkur í Austurkór er mjög annt um það „hvað sest í veggina“ og viljum alls ekki að léleg vinnubrögð og skekkjur festist í sessi og verði að reglum. Endurmat á verkefnum og störfum er ein besta leiðin til að leiðrétta skekkjur og finna nýjar leiðir. Við í Austurkór erum ekki hrædd við að horfa í spegilinn á gagnrýnin hátt og var eitt af stærri verkefnum síðasta skólaárs að gera starfsmat á dagskipulaginu (þ.e. erum við að vinna eins og við segjumst gera í skólanámskránni). Niðurstöðurnar leiddu í ljós það sem tilfinning stjórnenda sagði til um og heilt yfir erum við að vinna í takti og samræmi við námskrá en ákveðin atriði er hægt að gera faglegar og með meiri alúð. Hér er hægt að lesa um verkefnið og hvernig árið gekk fyrir sig í sjálfsmatsskýrslu stjórnenda

8.3 *Endurmat á starfsáætlun skólaársins 2017-2018*

Starfsmannahópurinn fór yfir starfsáætlunina saman og átti sér stað góð umræða stað um starfshætti, skipulag o.fl. Við viljum bæta ýmis atriði sem tengjast tengslamyndun og verður það verkefni áfram þetta skólaárið. Því þó einhverjar úrbætur hafa átt sér stað þá getum við gert betur. Þetta snýr aðallega að aðlögun, foreldrasamtölum og þátttöku foreldra í skólastarfinu.

8.4 *Umbótaáætlun*

Það sem við ætlum að leggja áherslu á þetta skólaár er:

- Að dýpka okkur í starfsaðferðum Reggio Emilia
- Að styrkja stjórnendahópinn og auka faglega sýn hans
- Að vinna markvisst að betri tengslamyndun við foreldra og börn
- Að festa betur í sessi það námsefni sem við vinnum með s.s. Blæ, Lubba, Hugarfrelsi
- Að hækka meðaleinkunn Ecers upp í 6 – þ.e. ef sá matslisti verður áfram notaður í leikskólum bæjarins

IX Öryggismál

9.1 Öryggisnefnd

Öryggisnefnd er starfandi í skólanum en hlutverk hennar er að hafa eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna í samvinnu við Vinnu- og heilbrigðiseftirlitið. Öryggisnefndin fundar reglulega yfir skólaárið og fer yfir gátlista frá Vinnueftirlitinu, skráir og fylgir eftir þeim atriðum sem þarf að laga.

9.2 Áfallateymi

Í Austurkór sinnir samráðsteymi hlutverki áfallateymis og vinnur eftir áfallaáætlun skólans. Samráðsteymi skal ræða áföll sem upp koma og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Hér er áfallaáætlun skólans en hún var endurskoðuð í desember 2017 .

9.3 Innra eftirlit

Til að öll hjól skólastarfseminnar snúist og séu í takt eru ýmsir verkferlar sem við vinnum eftir í sambandi við innra eftirlit. Við m.a. skiptum með okkur verkum varðandi ábyrgð ákveðinna rýma innan skólans, þrifum á því og búnaði sem fylgir. Einnig eru ákveðnir verkferlar sem fylgja hverri deild varðandi þrif og sótttræstingu og sama gildir um eldhúsið. Eftirlitsbók fylgir útisvæðinu og skiptist starfsfólk deilda á að fylla í hana sem og koma verkbeiðnum áleiðis til stjórnenda ef þörf er á.

9.4. *Slys*

Ef slys verður í skólanum þá er það skráð á svo tilgerð eyðublöð auk þess sem upplýsingunum er komið til foreldra um tildrög slyss og meiðsl ef einhver verða. Við vinnum eftir ákveðnum verkferlum þegar að slys verða og má skoða þá hér. Mikilvægt er að allir starfsmenn þekki þessa ferla því fúmlaus viðbrögð geta skipt sköpum þegar að slys verður. Í endurmatsskýrslunni sem áður hefur verið nefnd er hægt að sjá tölur slysa skólaárið 2017-2018.

Lokaorð



Starfsáætlun þessi var unninn í júní 2018 af starfsmannahópnum og byggist að miklu leiti á endurmati síðustu starfsáætlunar, niðurstöðum foreldrakönnunar, sjálfsmati og umræðum. Að eiga hlutdeild í endurmati og stefnumótun skólstarfsins er mjög mikilvægt fyrir starfsþróun hvers og eins og er mikilvægt að gefa tíma og rými í það verkefni.

Sameiginleg gerð starfsáætlunar hjálpar starfsmannahópnum að setja sér sameiginleg markmið, velja leiðir að þeim og leiðrétta skekkjur. Okkur er mjög umhugað að í Austurkór sé unnið í takti og sameiginleg sýn um skólstarfið ríki hérna. Því setjum við kraftana okkar áfram í að styrkja hornsteinina skólstarfsins og fara á djúpið í þeim starfsaðferðum og námsefni sem við höfum valið að eigi að einkenna skólann okkar.

Líkt og jurt þarf skólstarfið okkar þéttar og sterkar rætur sem veitir góða næringu til vaxtasprotanna svo að þeir vaxi, gildni og geti staðið af sér öll veður. Það verður verkefnið okkar skólaárið 2018-2019.

Kópavogur 22.06.2018

Guðný Anna Póreyjardóttir

Ragnheiður Gróa Hafsteinsdóttir